



Borgarráð

### ***Umsögn vegna rekstrarleyfis - Bazaar, Hringbraut 121***

Skrifstofu borgarstjórnar hefur borist umsagnarbeiðni sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags 8. maí 2017 um nýtt rekstrarleyfi fyrir veitingastaðinn Bazaar, Hringbraut 121. Sótt er um breyttan veitingatíma áfengis til kl. 00.00 alla virka daga og til 01.00 aðfararnætur laugardags og sunnudags og almennra frídaga. Einnig er sótt um heimild til útveitinga til kl. 20.00 alla daga. Áður hefur verið veitt umsögn vegna rekstrarleyfis fyrir veitingastaðinn þann 2. mars 2016 og var þá tekið jákvætt í að heimila veitingatíma áfengis til kl. 23.00 alla daga.

Hringbraut 121 er með skilgreinda landnotkun verslun og þjónusta (VP) en á verslun- og þjónustusvæðum í Reykjavík er gert ráð fyrir fjölpættri verslun- og þjónustu og veitingastöðum. Veitinga- og skemmtistaðir í flokki III eru þó ekki heimilir og ekki gististaðir í flokki IV og V. Íbúðir geta verið heimilar, einkum á efri hæðum bygginga á verslunar- og þjónustusvæðum. Í B- hluta aðalskipulagsins, skipulag borgarhluta, vesturbær kemur fram um VP1 JL-Hringbraut að um er að ræða hverfiskjarna með blandaðri byggð, verslana, veitingastaða, skrifstofa og þjónustu.

Í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er fjallað um flokkun veitingastaða í 4. gr. Þar kemur fram að innan flokks II eru umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemi er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværrri tónlist, og staðir sem kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu. Fyrir endurskoðun laganna var gert ráð fyrir því að veitingastaðir í flokki II væri einungis heimilað að veita áfenga drykki til kl. 23:00 alla daga, en nú er ekki slíkar takmarkanir að finna í lögnum. Í málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði kemur fram að veitingastaðir í flokki II eru heimilir á verslunar- og þjónustusvæðum, hafnarsvæðum og iðnaðarsvæðum. Heimilt er að takmarka veitingatíma s.s. ef veitingastaður er umlukinn eða í mjög mikilli nálægð við íbúðabyggð. Ef telja verður að starfsemi áfengisveitingastaðar falli ekki að nálægri byggð er heimilt að synja um rekstrarleyfi.

Eins og fram hefur komið fram að ofan er nú þegar í gildi rekstrarleyfi í flokki II vegna

veitingastaðarins. Tekið er undir að hann er réttilega flokkaður í flokk II enda um að ræða veitingastað með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fulla þjónustu. Skrifstofa borgarstjórnar leitaði upplýsinga hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu vegna umsóknarinnar en samkvæmt svari embættisins hefur aldrei verið kvartað undan hávaða frá veitingastaðnum samkvæmt bókunarkerfi lögreglunnar.

Í ljósi ofangreinds er mælt með því að borgarráð samþykki að veita jákvæða umsögn um lengri opnunartíma í samræmi við fyrirliggjandi umsókn þannig að veitingatími áfengis verði heimilaður til kl. 00.00 alla virka daga og til 01.00 aðfararnætur laugardags og sunnudags og almennra frídaga. Útveitingar verða heimilar til kl. 20.00.

Umsögnin er bundin því skilyrði að leyfishafi haldi hreinni lóð og nánasta umhverfi veitingastaðarins, þ.m.t. gangstétt framan við staðinn, og þrifi ávallt að skemmtun lokinni, verði leyfið veitt. Leyfishafi sjái sérstaklega til þess að umgengni á og við útveitingasvæði sé góð, þrifi svæðið og næsta nágrenni þess þegar þörf er á og ávallt þegar útveitingatíma lýkur hverju sinni. Jafnframt er umsögnin bundin fyrirvara um að aðrar umsagnir séu jákvæðar. Loks er hún bundin því skilyrði að komi til þess að borgarráð takmarki heimilaðan veitingatíma áfengis á tilteknum svæðum frekar en nú er, takmarkist veitingatími áfengis skv. leyfinu sem því nemur.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar





## Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Heimilisfang  
Dalvegur 18

Póstfang  
201 Kópavogur

sími  
458-2000

Málsnr.: R17050048  
Skjalasafn Ráðhúss

09. maí 2017

Bréfalykill: 161

Kópavogur 08.05.2017

### Umsagnarbeiðni vegna nýs rekstrarleyfis

**Umsækjandi :** JL veitingar ehf. kt. 660815-0310

**Lögheimili :** Laugavegur 7, 101 Reykjavík

**Forsvarsmaður:** Margrét Ásgeirsdóttir kt.230469-5049

**Sími :** 663-2435

**Vegna:** Nýtt leyfi. rekstrarleyfi veitingahús fl. II.

**Tegund:** Veitingar fl. II

**Heiti staðar:** Bazaar

**Að:** Hringbraut 121, 101 Reykjavík


**Netfang:** arnar@gunnlaugsson.is

Með vísan til 10.gr. laga nr. 85/2007 og 23. gr. reglugerðar nr. 585/2007, er þess óskað að umsögn verði send sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu eigi síðar en 45 dögum eftir móttöku þessa bréfs. Berist umsókn ekki innan þess frests kemur til álita að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. Sérstaklega er óskað eftir afstöðu SHS og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölda.

#### Umsagnarbeiðni send eftirtöldum aðilum:

Vinnueftirliti ríkisins  
Borgarráð Reykjavíkur  
Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

leyfi@syslumenn.is





# SÝSLUMENN

## Umsókn um rekstrarleyfi til veitingu veitinga

skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gístaða og skemmtanahald og reglugerð nr. 1277/2016 sama efnis

208/2017

Berist til sýslumannsins í/á

Berist sýslumanni í umdæmi þar sem starfsemi er fyrirhuguð

### Umsækjandi:

Nafn einstaklings eða löggæla: **JL Veitingar** Kennitala: **660815-0310** Netfang: **arnar@gunnlaugsson.is**  
 Heimilisfang: **Laugavegur 7** Póstnúmer og staður: **101 Rík** Sími / Símar: **663 2435**  
 Virðisaukaskattsnúmer (VSK nr.): **121456**

### Forsvarsmáður (sem ber ábyrgð á rekstrinum):

Nafn: **Margrét Ásgeirsdóttir** Kennitala: **230469-5049** Netfang: **arnar@gunnlaugsson.is**  
 Heimilisfang: **Skeljatunga 9** Póstnúmer og staður: **101 Rík** Sími / Símar:

### Heiti veitingastaðar, starfsstöð o.fl.:

Heiti veitingastaðar: **Bazaar** Netfang: **arnar@gunnlaugsson.is**  
 Heimilisfang (starfsstöð): **Hringbraut 121 (JL hús)** Póstnúmer og staður: **101 Rík** Sími / Símar: **663 2435**  
 Fasteignanúmer: **222-3326** Áætlaður fjöldi starfsmanna (aðrir en eigendur): **30**

Er sótt um leyfi til útveitinga? **Já** Fjöldi gesta: **100**

Afgreiðslutími áfengis (ef við á): Virka daga frá kl: **11.00** til kl: **00.00** Aðfararnætur frídaga frá kl: **11.00** til kl: **01.00**

Afgreiðslutími útveitinga (ef við á): Virka daga frá kl: **11.00** til kl: **20.00** Aðfararnætur frídaga frá kl: **11.00** til kl: **20.00**

### Flokkun veitingastaða:

- Flokkur II** Umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemi er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværrri tónlist, og staðir sem kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu. **200.000 kr.**
- Flokkur III** Umfangsmiklir áfengisveitingastaðir, svo sem þar sem leikin er hávær tónlist og staðir sem kalla á meira eftirlit og/eða löggæslu. **250.000 kr.**

Tegundir veitingastaðar - Veitingastaðir skiptast í eftirtaldar tegundir eftir starfsemi og þjónustu sem bjóða skal viðskiptavinum. Hver einstök tegund veitingastaða getur fallið undir fleiri en einn framangreindan flokk veitingastaða, í samræmi við þá starfsemi sem rekstrarleyfi viðkomandi staðar hljóðar um.

- A** Veitingahús Veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fulla þjónustu. Í veitingahúsi skal vera starfandi maður með fullnægjandi þekkingu í framreiðslu.
- B** Skemmtistaður Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi og fjölbreyttar veitingar í mat og/eða drykk. Hér undir falla einnig staðir þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar, dans gesta, tónlist og langan afgreiðslutíma en engar eða takmarkaðar veitingar í mat.
- C** Veitingastaða og greiðasala Veitingastaðir með fábreyttar veitingar í mat og/eða drykk. Á slíkum stöðum er takmarkaðri þjónusta og/eða gestir afgreiða sig sjálfir að hluta eða öllu leyti. Hér undir falla t.d. mótuneyti og skyndibitastaðir og einnig söluskálar með aðstöðu til neyslu veitinga.
- D** Veisluþjónusta og veitingaverslun Staðir þar sem fram fer sala veitinga sem ekki er til neyslu á staðnum enda er slík sala meginstarfsemi staðarins.
- E** Kaffihús Veitingastaður með einfaldar veitingar í mat og/eða drykk þar sem aðaláhersla er lögð á kaffiveitingar. Hér undir falla t.d. bakarí sem hafa aðstöðu til neyslu veitinga á staðnum.
- F** Krá Veitingastaður með takmarkaða þjónustu og einfaldar eða engar veitingar í mat, þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og langan afgreiðslutíma.
- G** Samkomusalir Staðir sem eru sérstaklega útbúnir og ætlaðir til hvers kyns samkomuhalds og til þess leigðir út í atvinnuskyni til einstaklinga og/eða fyrirtækja, hvort sem er með eða án veitinga í mat og/eða drykk. Félagsheimili, íþróttasalir, flugskýli, vöruskemmur og önnur húsakynni sem að jafnaði eru ekki ætluð til samkomuhalds í atvinnuskyni geta fallið hér undir ef útleiga til skemmtanahalds fer oftast fram en tólf sinnum á ári.

**GREITT**  
**04. MAI 2017**  
 Sýslumaðurinn á  
 höfuðborgarsvæðinu



Gögn sem þurfa að liggja fyrir við afgreiðslu umsókna. Sýslumaður getur, ef óskað er, lagt til gögn skv. liðum b, d, e og g (gjöld til ríkissjóðs). Merkið við þau gögn sem umsækjandi lætur fylgja. (Greiða þarf sérstaklega fyrir sakavottorð 2.000 kr.). Æskilegt er að umsókn fylgi staðfesting á fyrirsvari lögaðila (vottorð fyrirtækjaskrár kostar 700 kr.).


<p>Sé umsækjandi lögaðili skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið:</p> <p>a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.</p> <p>b) Búsetuvottorð fyrir forsvarsmenn umsækjenda.</p> <p>c) Vottorð um búsetuvottorð fyrirtækis og forsvarsmanns þess.</p> <p>d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.</p> <p>e) Sakavottorð forsvarsmanns.</p> <p>f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum.</p> <p>g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu umsækjanda og forsvarsmanns hans.</p> <p>h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskipta-yfirlýsingu.</p> <p>i) Ef um er að ræða útveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag úti-svæðis.</p> <p>j) Staðfesting fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, ef við á.</p>	<p>Sé umsækjandi einstaklingur skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið:</p> <p>a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.</p> <p>b) Búsetuvottorð.</p> <p>c) Vottorð um búsetuvottorð.</p> <p>d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.</p> <p>e) Sakavottorð.</p> <p>f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu sína gagnvart lífeyrissjóðum.</p> <p>g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu.</p> <p>h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskipta-yfirlýsingu.</p> <p>i) Ef um er að ræða útveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag úti-svæðis.</p> <p>j) Staðfesting fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, ef við á.</p>
--	--

**Athugasemdir umsækjanda:**

umsókn gerð samkvæmt Leitbeinnum frá Helga Laxdal þá skrifstofu borgarstjórnar, hafa samband við hana ef þúfur þörf krefur

**Staðfesting:**

Með því að haka í þennan reit óska ég þess að sýslumaður afli þeirra gagna samkvæmt liðum b, d, e, og g

Staður og dagsetning:	Undirskrift umsækjanda
Reykjavík 27.4.2017	
Staður og dagsetning:	Undirskrift forsvarsmanns eða umboðsmanns umsækjanda

**Upplýsingar um nauðsynleg fylgigögn:**

Liggi starfsleyfi heilbrigðiseftirlits ekki fyrir þegar sótt er um rekstrarleyfi getur umsækjandi sótt um slíkt leyfi samhliða umsókn um rekstrarleyfi. Umsókn um starfsleyfi má nálgast á vef heilbrigðisnefnda í því umdæmi sem starfsemi er fyrirhuguð. Upplýsingar um heilbrigðiseftirlitssvæðin má finna á vef Umhverfisstofnunar <https://www.ust.is/atvinnulif/heilbrigdiseftirlit/heilbrigdiseftirlitssvæðin/> :

Ekki er nauðsynlegt að leggja fram búsetuvottorð í þeim tilvikum þegar umsækjandi er íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í slíkum tilvikum getur sýslumaður aflað gögnum um búsetu ef óskað er.

Búsetuvottorð fæst hjá héraðsdómstól í því umdæmi sem umsækjandi er með skráð lögheimili. Sækja má um það rafrænt á vef héraðsdómstóla <https://www.domstolar.is/>

Staðfestingu Ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri má sækja rafrænt á <https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/>

Sakavottorð má sækja hjá embættum sýslumanna. Sakavottorð kostar kr. 2.000,-

Yfirlýsingu um skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum má nálgast á vef sýslumanna [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is)

Vottorð um skuldastöðu frá innheimtumanni ríkissjóðs má nálgast á skrifstofu sýslumanns. Að beiðni getur sýslumaður kannað hvort að þetta skilyrði sé uppfyllt við móttöku umsókna

Samþykkt teikningu af húsnæði má nálgast hjá byggingafulltrúa í því sveitarfélagi er fasteign er staðsett.

Eyðublað um staðfestingu frá fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, má nálgast á vef sýslumanna [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is)

JL-ventingau













Leiðr. á breytingu umsb.:Hringbraut 121, 101 RVK., f. Bazaar, ábm. Margrét Ásgeirsdóttir kt. 230469-5049  
Bréf: t-póstur  
Málsnúmer: R17050048  
Bréfalyklar: 161 Vínveitingaleyfi  
Eigandi skjals: Fany Larota Catunta  
Staða: Í vinnslu  
Dagsetningar:  
Búið til: 09.05.2017  
Dagsetning skjals: 09.05.2017

Skjalalýkill Móttökudags.	161 Vínveitingaleyfi 09.05.2017	Málsnúmer Skráð í GoPro	R17050048 09.05.2017
------------------------------	------------------------------------	----------------------------	-------------------------

Tegund skjals Efnisorð Eldri skjalalýkill	t-póstur	Fyrir Borgarráð
		Er flokkað eftir eldri <input type="radio"/> Já <input checked="" type="radio"/> Nei skjalalýkli í skjalasafni.

Sent:

Sent til:

Notandi: "leyfi syslumenn" <leyfi@syslumenn.is>

Dagsetning: 9.5.2017 08:50:05

Til: "Ráðhús skjalasafn" <radhus@reykjavik.is>, "Viktoría Júlía Laxdal" <viktorialaxdal@reykjavik.is>, "Helga Björk Laxdal" <helga.laxdal@reykjavik.is>, frida@ver.is, vinnueftirlit@ver.is, sigurbjorn.jonsson@lrh.is  
Efni: Leiðr. á breytingu umsb.:Hringbraut 121, 101 RVK., f. Bazaar, ábm. Margrét Ásgeirsdóttir kt. 230469-5049

Heil og sæl aftur,

Þetta átti að vera sami gestafjöldi og áður 100 gestir, en óskar eftir breytingu á opnunartíma. (Sjá viðhengi)

Kveðja  
Leyfedeild  
Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu  
Hlíðasmára 1, Kópavogi.  
S 458-2000  
leyfi@syslumenn.is

-----Original Message-----

From: skannihfj@syslumenn.is [mailto:skannihfj@syslumenn.is]  
Sent: þriðjudagur, 9. maí 2017 06:24  
To: leyfi syslumenn <leyfi@syslumenn.is>  
Subject: Message from "RNP0026731A62E3"

This E-mail was sent from "RNP0026731A62E3" (Aficio MP C400).

Scan Date: 09.05.2017 07:23:56 (+0100)  
Queries to: skannihfj@syslumenn.is



- 20170509072356542.pdf





# Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Heimilisfang  
Dalvegur 18

Póstfang  
201 Kópavogur

sími  
4582000

## Leyfisbréf Rekstrarleyfi

Málsnr. 441-041-201602-0062

### Leyfishafi:

JL veitingar ehf., kt. 660815-0310, VSK: 121456, Funalind 11, 201 Kópavogi.

### Staður:

Bazaar, Hringbraut 121, 101 Reykjavík.

### Ábyrgðarmaður:

Guðjón Þór Guðmundsson

### Leyfisveiting:

Þar sem umsækjandi uppfyllir skilyrði laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerðar nr. 585/2007 er hér með veitt leyfi til reksturs veitingastaðar/veitingahús í flokki II. Leyfi þetta nær einnig til útiveitinga á 10 borðum fyrir 70 manns

Leyfishafa ber að framfylgja reglum um búnað veitingastaða skv. III. kafla reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Heimilaður veitingatími: Til kl. 23:00 alla daga.

Útiveitingar: Til kl. 23:00 alla daga.

### Athugasemdir og skilyrði:

#### Heilbrigðiseftirlitið setur eftirfarandi skilyrði:

Að rekstraraðili virði ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði.

#### Borgarráð setur eftirfarandi skilyrði:

Leyfishafi haldi hreinni lóð og nánasta umhverfi veitingastaðarins, þ.m.t. gangstétt framan við staðinn, og þrifi ávallt að skemmtun lokinni.


Komi til þess að borgarráð takmarki heimilaðan veitingatíma áfengis á tilteknum svæðum frekar en nú er, takmarkast veitingatími áfengis skv. leyfinu sem því nemur.

Hámarksfjöldi gesta: 100

Leyfi þetta gildir til: 13.05.2020

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

13.05.2016



Sigurður G. Hafstað  
Löglærður fulltrúi



Nýtt leyfi – veitingastaður/veitingahús: Flokkur II

LG-REK-009570

